

Nd.

236. Frumvarp til laga

[131. mál]

um sérstakan stuðning við þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlenda markaði.

Flm.: Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 35 millj. kr., og endurlána til kaupa á nýjum fiskibátum þeim togaraútgerðarfyrirtækjum, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflaleysis togaranna og siglinga þeirra á erlendan markað, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán, samtals að upphæð allt að 20 millj. kr., sem ofangreindir aðilar taka til kaupa á nýjum fiskibátum.

3. gr.

Samanlögð lán úr Fiskveiðasjóði Íslands og lán veitt samkvæmt lögum þessum mega nema allt að 90% af kaupverði hvers fiskibáts, og ríkisábyrgð má veita fyrir eftirstöðvunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt var á s. l. ári, segir m. a., að athugun, sem fram hafi farið á hag togaraútgerðarinnar, hafi leitt í ljós, að afkoma hennar sé „svo bágborin, að þess er ekki að vænta, að hún komist af hjálparlaust“. Munu flestir sammála um þá skoðun. Í fyrrgreindum lögum er gert ráð fyrir nokkurri aðstoð við togaraútgerðina vegna aflabrests árin 1960 og 1961, en ekki eru líkur á, að sú aðstoð sé togaraútgerðinni fullnægjandi og sumum fyrirtækjum a. m. k. alls ekki. Samkvæmt skoðun fulltrúa Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem komu á fund sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis vegna frumvarps til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, mundi sú aðstoð, sem þau lög gera ráð fyrir með beinum fjárgreiðslum, þurfa að vera tvöfalt hærri, til þess að hún dygði. Hvað sem hæft er í þeirri skoðun, má fullvíst telja, að gagnvart þeim togaraútgerðarfyrirtækjum, sem verst eru stödd, þarf meira að koma til en gert er ráð fyrir í ofangreindum lögum. Þau skakkaföll, sem togaraútgerðin hefur orðið fyrir á síðustu árum, lýsa sér ekki einungis í stórfelldu fjárhagslegu tapi af rekstri togaranna og fjárþrotum af þeim sökum, heldur einnig í hinu, að vegna þess að fyrirtækin hafa neyðzt til þess að láta togarana sigla með afla sinn óunninn á erlendan markað, hafa vinnslustöðvar sömu fyrirtækja, þar á meðal nýleg og fullkomin frystihús, verið hráefnisvana á vissum árstímum og þá starfslaus að miklu leyti. Þannig hefur ofan á rekstrartap togaranna bætzt rekstrartap á fiskiðjuverum, sem ættu að geta gefið góðan arð, ef þau fengju hráefni í stað þess, sem togararnir sigla með, og fyrirtækin því að geta betur borið

fjárhagslegt tap af rekstri togaranna, en þörfin á beinum fjárstyrk að minnka að sama skapi.

Vegna gífurlegs taprekstrar undanfarin ár, bæði af rekstri togaranna og vegna vannýtingar á fiskvinnslustöðvunum, er þessum togarafyrirtækjum um megn að ráðast í bátakaup til þess að tryggja fiskvinnslustöðvunum hráefni í stað þess, sem áður kom frá togurunum. Svo hart leikin eru sum togarafyrirtækjanna a. m. k., að þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem líklegast er, að væru hagkvæmastar og skynsamlegastar, og bankarnir eru þeim lokaðir til þessara framkvæmda, þar sem fyrirtækin standa nú þegar svo illa gagnvart þeim. Hér horfa málin því vægast sagt óglæsilega, og lítil von er til þess, að aðstoð samkvæmt lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og fjárlögum þessa árs bæti úr í þessu efni, þar sem það fjármagn, sem togarafyrirtækin hafa fengið, mun naumast á lausu til bátakaupa, sem þó væri mörgum fyrirtækjunum ein hin hagkvæmasta og jákvæðasta úrbót, sem um er að ræða. Fengju þessi fyrirtæki umráð yfir nokkrum góðum vélbátum, eru líkur á, að komið yrði í veg fyrir, að ofan á taprekstur togaranna bættist taprekstur á fiskiðjuverum, sem sum hver eru hin fullkomnustu í landinu. Miklar líkur eru á, að hinar fullkomnu fiskvinnslustöðvar yrðu reknar á arðbæran hátt, er þær gætu bætt sér upp hráefnistapið af völdum siglinga togaranna með bátafiski, og þannig yrði dregið úr þeim skakkaföllum, sem af rekstri togaranna kann að leiða enn um sinn.

Togaraútgerðarfyrirtækjum er mörgum hverjum um megn að eignast þá vélbáta, er hér þyrfti til, en vegna þess, hversu mikið er hér í húfi fyrir það verkafólk, sem við fiskiðjuverin hefur unnið, fyrir fyrirtækin sjálf og þjóðina alla, að nýtt sé til fulls það fjármagn, sem þegar hefur verið lagt í hinar dýru og fullkomnu fiskvinnslustöðvar, tel ég, að það eigi fullan rétt á sér, að ríkisvaldið komi hér til aðstoðar, þar sem hér er um þjóðfélagslegt vandamál að ræða.

Er því lagt til í frumvarpi þessu, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 35 millj. kr., sem varið yrði til þess að gera togarautgerðarfyrirtækjum, sem eiga fiskvinnslustöðvar, sem eru hráefnislausar vegna vandræða togaraútgerðarinnar, kleift að eignast báta af heppilegri stærð. Fyrirgreiðsla ríkissjóðs í þessu efni yrði á þann veg, að til viðbótar við lán úr Fiskveiðasjóði Íslands kæmu til lán framlánuð frá ríkissjóði, þannig að samanlögð lánsupphæð nemi allt að 90% af kaupverði hvers báts, og auk þess veiti ríkissjóður ábyrgð á láni fyrir eftirstöðvunum. Hér væri um að ræða jákvæða aðstoð, sem gæti bætt úr þeim atvinnumissi, sem af siglingum togaranna hefur leitt, og stórbætt aðstöðu ýmissa þeirra togarafyrirtækja, sem verst eru stödd, auk þess sem ráðstafanir þessar eru þjóðhagslega hagkvæmar, þar sem með þeim yrði stuðlað að því að nýta fiskvinnslustöðvar, sem þegar hefur verið varið tugum milljóna króna til að reisa og búa hinum fullkomnustu tækjum, án þess að þær hafi um skeið verið nýttar nema að litlu leyti, en hins vegar hlaðið á sig vöxtum og öðrum föstum kostnaði.